

Fundur svæðisráðs þriðjudaginn 20. desember 2016 kl. 15.00, Miðási í Ásahreppi

Mætt: *Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hákon Gunnarsson, Heiða Guðmundsdóttir (á Skype), Erla Ívarsdóttir og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð.*

Dagskrá fundarins:

1. Vonarskarð. Afstaða svæðisráðs og svör við erindum því tengdu
2. Stjórnunar- og verndaráætlun. Tillögur að breytingum vegna 3. útgáfu
3. Fundur stjórnar og starfsfólks; haldinn á vestursvæði 24. og 25. janúar nk. Tillögur að staðsetningu og fundarefnum
4. Ráðning þjóðgarðsvarðar. Tillaga svæðisráðs
5. Önnur mál

1. Vonarskarð. Afstaða svæðisráðs og svör við erindum því tengdu

Á síðasta fundi svæðisráðsins var fjallað um erindi frá SAMÚT, Landssamtökum hjólræðamanna og opið bréf Ferðafrelsisnefndar Eyjafjarðardeildar ferðaklúbbsins 4x4 er varðar umferð ökutækja og reiðhjóla um Vonarskarð. Þessi þrjú erindi tilgreina þrjár mismunandi útfærslur á ferðaleiðum um Vonarskarð eins og fram kemur í fundargerð síðasta fundar svæðisráðs.

Mikil umræða fór fram um málið þar sem mismunandi sjónarmið svæðisráðsfulltrúa komu fram. Það er þó samdóma álit svæðisráðs vestursvæðis að verndargildi Vonarskarðs sé hátt m.t.t. fjölbreytts og sérstaks náttúrufars og hverfandi áhrifa mannsins. Þá er Vonarskarð eitt af fáum ósnortum víðernum sem finna má innan Vatnajökulsþjóðgarðs og ætti að vera skilgreint sem slíkt. Svæðið hefur hátt rasknæmi, ekki síst vegna legu sinnar á miðju hálendi Íslands. Mat landvarða þjóðgarðsins á svæðinu er að auki umferð gangandi gesta sé að öllum líkindum nú þegar farin að valda raski á viðkvæmu háhitasvæðinu í Snapadal. Telur svæðisráðið þörf á aukinni vöktun á náttúrufari svæðisins, rannsóknir á rasknæmi þess og talningum fótgangandi um þessar þrjár helstu inngönguleiðir í Vonarskarð; um Mjóháls úr Nýjadal, um Gjóstuklif í norðri og frá Kolufelli í suðri. Í þessu samhengi vill svæðisráðið að lagt verði mat á það af þar til bærum rannsakendum hvort þörf verði á að reikna ítölu gangandi gesta í náinni framtíð m.t.t. aukinnar ásóknar gesta á háhitasvæðið. Þá telur svæðisráðið að þörf sé á að endurskoða fyrri hugmyndir um staðsetningu gönguskála við bæði mynni þess og nauðsyn þess að leggja bann við gistingu í Vonarskarði. Svæðisráðið telur jafnframt að umferð hrossa í Vonarskarði ógni viðkvæmu umhverfinu og leggur til að ákvæði í Stjórnunar- og verndaráætlun um að þjóðgarðsvörður geti heimilað umferð hrossa um Vonarskarð verði fellt brott.

Meirihluti svæðisráðs vestursvæðis leggur því til við stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs að við þriðju útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar verði tillögum sérfræðingateymis sem vann skýrslu um Vonarskarð árið 2013 fylgt. Í þeirri skýrslu leggur teymið til að Vonarskarð njóti verndar sem óbyggðir (Wilderness Area) í flokki Ib samkvæmt viðmiðunum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN) en ekki sem skipulagssvæði innan verndarflokks II eins og það er nú. Í [Hvítbók um náttúruvernd](#) eru svæði í verndarflokki Ib *venjulega stór landeða hafsvæði sem eru lítt eða ekki mótuð af mannum og haldið hafa sínum náttúrulegu eiginleikum og áhrifum. Þar er ekki varanleg eða umtalsverð búseta. Verndun og stjórnun*

svæðanna miðar að því að varðveita náttúrulegt ástand þeirra (bls. 229). Telur meirihluti svæðisráðsins þetta eiga við um Vonarskarð.

Meirihluti svæðisráðsins vill jafnframt að umferð vélknúinna ökutækja í gegnum Vonarskarð verði áfram óheimil milli Svarthöfða og Gjóstuklifs nema á frosinni og snævipakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur. Þá vill meirihluti svæðisráðs að vetrarumferð verði ávallt óheimil á og við jarðhitasvæðið í Snapadal. Svæðisráð beinir því til stjórnar að ganga úr skugga um það að hvort almennir skilmálar um vetrarumferð samræmist ákvæðum verndarflokks lb samkvæmt viðmiðunum Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna.

Fulltrúi SAMÚT í svæðisráði, Hákon Gunnarsson, styður framkomna tillögu SAMÚT um að við endurskoðun á Stjórnunar- og verndaráætlun verði akstur heimilaður eftir nýrri slóð sem fundin yrði um Vonarskarðið austanvert frá vaði yfir Köldukvísl sunnan Svarthöfða til móts við Hnífla í norðri. Fulltrúi SAMÚT tekur undir vilja meirihluta svæðisráðsins um almenna skilmála um vetrarumferð um Vonarskarð og að hún verði ávallt óheimil á og við jarðhitasvæðið í Snapadal.

Svæðisráðið hyggst taka saman greinargerð máli sínu til stuðnings með ítarlegri athugasemdum og vangaveltum sem formaður þess mun leggja fyrir stjórn þjóðgarðsins á fundi hennar í janúar nk.

2. Stjórnunar- og verndaráætlun. Tillögur að breytingum vegna 3. útgáfu

Orrí Páll nefnir að búið sé að ráða Kristján Sveinsson í það verk að halda utan um breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun vegna 3. útgáfu. Svæðisráð á að skila af sér sínum tillögum fyrir 15. febrúar nk. Orrí Páll nefnir fjögur svæði innan vestursvæðis sem vert væri að skoða sérstaklega með tilliti til breytinga.

Frekari umræðum frestað til næsta fundar svæðisráðsins á nýju ári.

3. Fundur stjórnar og starfsfólks; haldinn á vestursvæði 24. og 25. janúar nk. Tillögur að staðsetningu og fundarefnum

Til stendur að halda sameiginlegan fund með stjórn og starfsfólki þjóðgarðsins 24. og 25. janúar nk. Að þessu sinni verður fundurinn haldinn á vestursvæði. Að beiðni framkvæmdastjóra var svæðisráðinu falið að taka afstöðu til staðsetningar fundarins. Svæðisráðið er einhuga í því að finna fundinum stað í Ásahreppi.

Af þessu tilefni hyggst svæðisráðið fara þess á leit við stjórn þjóðgarðsins að hún og svæðisráð vestursvæðis fundi um málefni svæðisins, s.s. framkvæmdir við nýja gestastofu á Kirkjubæjarklaustri, þörf á aukinni áherslu á upplýsingagjöf og miðlun í Hrauneyjum og stöðugildi tímabundinna og fastra starfsmanna á vestursvæði.

Ástu Berghildi varaformanni svæðisráðsins og þjóðgarðsverði falið að finna hentuga staðsetningu til fundahalda og setja saman tillögu að fundarefnum fyrir hönd svæðisráðsins.

4. Ráðning þjóðgarðsvarðar. Tillaga svæðisráðs

Átján einstaklingar sóttu um stöðu þjóðgarðsvarðar á vestursvæði, einn dró umsókn sína til baka. Capacent heldur utan um ferlið fyrir hönd Vatnajökulsþjóðgarðs. Fimm umsækjendum var boðið til tveggja viðtala; hið fyrra var símaviðtal við starfsmann Capacent og hið seinna viðtal við sama starfsmann Capacent, framkvæmdastjóra og formann svæðisráðsins.

Svæðisráð fór sameiginlega yfir ferilskrár þeirra fimm einstaklinga sem boðaðir voru í viðtöl. Verið er að leita umsagna umsagnaraðila þeirra þriggja einstaklinga sem að loknu öðru viðtali flest stig fengu að mati Capacent. Boðað verður til símafundar í svæðisráði nk. fimmtudag þegar umsagnir liggja fyrir.

5. Önnur mál

Ásta Berghildur kom á framfæri athugasemdum Sveins Tyrfingsson í Lækjartúni í Ásahreppi vegna verklags landvarða á Sprengisandsleið við hvörf í veginum. Þjóðgarðsverði kunnugt um málið og mun hann hafa samband við Svein vegna þessa.

Ásta Berghildur minnti á mikilvægi þess að fundargerðir svæðisráðsins séu aðgengilegar sveitarstjórnnum Ása- og Skaftárhrepps, Rangárþings ytra og Þingeyjarsveitar. Ekki nægir að þær birtist á vef þjóðgarðsins heldur væri ráð að senda þær rafrænt á sveitarstjóra sem birti þær á heimasíðu sveitarfélagsins, kæmi þeim til sveitarstjórnar og annarra þeirra sem áhuga hafa á málefnum þjóðgarðsins. Þá sagðist Ásta Berghildur sakna fréttabréfs vestursvæðis. Þjóðgarðsvörður hyggur á útgáfu á einu slíku strax á nýju ári.

Fundi slitið kl. 18.10